



Borgarráð

**Langholtsvegur 70, Sunnutorg, leiga**

Óskað er eftir heimild borgarráðs til að auglýsa húsnæði að Langholtsvegi 70, Sunnutorg til leigu.

*Greinargerð:*

Reykjavíkurborg á húsnæði að Langholtsvegi 70 þar sem rekin var sem sjoppa í nær 60 ár. Húsnæðið er hannað líkt og stórt strætisvagnaskýli og var staðsett við biðstöð strætisvagna og þarna áttu farþegar afdrep. Húsnæðið hefur áður verið auglýst til leigu en í fyrra skiptið hætti leigutaki við eftir að hafa byrjað að lagfæra húsnæðið og í hitt skiptið skall á Covid19 og ekki var grundvöllur til að halda áfram með verkefnið enda voru önnur verkefni meira aðkallandi. Húsnæðið er mjög illa farið og þarfnast endurbóta.

Óskað er eftir heimild til að auglýsa eftir tilboðum og hugmyndum að starfsemi.

Dómnefnd til að fara yfir þær hugmyndir og tilboð sem berast.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig

Fjármála- og áhættustýring